

252. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 7. október 2025 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

Fyrir tekið:

1. 2402299 - Heilsuefning eldra fólks

Verkefnið "Sprækir skagamenn" hefur verið í gangi frá haustinu 2024. Þátttakan hefur verið mikil frá upphafi og eftirspurnin aukist jafnt og þétt.

Ræða þarf framhald verkefnisins á árinu 2026 og til framtíðar.

Heiðar Mar Björnsson og Emilía Halldórsdóttir sitja fundinn undir þessum lið.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Heiðari Mar Björnssyni framkvæmdastjóra ÍA og Emilíu Halldórsdóttur, verkefnastjóra ÍA fyrir kynningu á stöðu verkefnisins Sprækir skagamenn.

Velferðar- og mannréttindaráð felur starfsmönnum velferðar- og mannréttindasviðs að vinna málið áfram og koma með aftur fyrir næsta fund ráðsins.

2. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar

Farið verður yfir verkefnaskrá í tengslum við yfirstandandi fjárhagsáætlun og áherslur verkefna.

Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir fer yfir verkefnaskrá sviðssins.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Guðrúnu Þórbjörgu Sturlaugsdóttur verkefnastjóra fyrir góða yfirferð á verkefnaskrá velferðar- og mannréttindasviðs.

4. 2208038 - Ræstitækni ehf. - þjónustusamningur

Þjónustusamningur við fyrirtækið Ræstitækni lagður fram vegna endurskoðunar.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir uppsögn á samningnum og að bætt verði við stöðugildi í stuðningsþjónustunni, enda um augljósa hagræðingu að ræða.

3. 2510014 - Reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar - endurskoðun

Reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar hafa verið í endurskoðun hjá starfsmönnum velferðar- og mannréttindasviðs.

VHS

Drög að endurskoðuðum reglum lögð fram.

Velferðar- og mannréttindasvið felur starfsmönnum velferðar- og mannréttindasviðs að vinna drögin áfram og leggja málið fram að nýju.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.

Kristinn H. Sveinsson

Árta Eir Arnardóttir

Einar Brandsson

Hilginnur Arnaróttir

Sveinborg Kristjansdóttir